

## FAGHÓPUR 3

### Athugasemdir faghóps 3 vegna innsendra umsagna í fyrra umsagnarferli um drög að tillögum verkefnisstjórnar varðandi endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar

Hér er brugðist við helstu athugasemdum sem bárust í fyrra umsagnarferlinu og varða skýrslu faghóps 3 vegna álitamála um samfélagsleg áhrif virkjana í neðri hluta Þjorsár.

1. *Í umsögn Haraldar Þórs Jónssonar fyrir hönd sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur meðal annars fram það mat að núverandi lagaumgjörð valdi því að „samfélagsleg áhrif orkuvinnslu [súu] gríðarlega neikvæð“ og orsaki „beint fjárhagslegt tjón fyrir þau sveitarfélög sem hafa orkumannvirki“. Bent er á að mjög fá störf tengd orkuvinnslu skili sér í nærumhverfið auk þess sem orkumannvirki séu undanþegin fasteignasköttum, að stöðvarhúsum undanskildum. Á hinn bóginn kalli uppbygging virkjana og flutningsmannvirkja á „gríðarlegt inngrip í náttúruna og nærsamfélagið“. Þá er bent á að fasteignagjöld af stöðvarhúsum hækki meðaltekjur íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem valdi miklum skerðingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er sagt að þessar skerðingar valdi því, samkvæmt útreikningum KPMG, að beint fjárhagslegt tap Skeiða- og Gnúpverjahrepps af starfsemi Landsvirkjunar á árinu 2022 geti verið „allt að 43 milljónir“. Í niðurlagi umsagnarinnar segir að hefðu „allir viðmælendur faghóps 3 fengið ofangreindar upplýsingar sem byggjast á tölulegum staðreyndum er nokkuð ljóst að niðurstöður faghóps 3 hefðu verið allt aðrar og neikvæðari“. Sagt er að starfsemi Landsvirkjunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafi „valdið gríðarlegum deilum í samfélaginu og verið mikill álagsvaldur í starfi sveitarstjórnar og samfélagsins í heild“. Á hinn bóginn segir einnig að meirihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps sé hlynntur áframhaldandi uppbyggingu orkuvinnslu í sveitarfélaginu. Jafnframt er sagt að sveitarstjórnin treysti því að boðaðar „breytingar á skattlagningu orkuvinnslu verði til þess að skapa sátt við nærumhverfi orkuvinnslu í framtíðinni“.*

Faghópur 3 tekur ekki afstöðu til þeirra útreikninga sem vísað er til í umsögn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og sýna að dómi sveitarstjórnarinnar fjárhagslegt tap vegna starfsemi Landsvirkjunar í sveitarfélaginu. Faghópurinn bendir þó á að hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er samkvæmt 8. grein laga um tekjustofna sveitarfélaga „að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum“.<sup>1</sup> Það er því umdeilanlegt að líta eigi á skerðingar á framlögum sjóðsins til sveitarfélags vegna hárra meðaltekna íbúa þess sem „fjárhagslegt tap“ viðkomandi sveitarfélags. Að öðru leyti bendir faghópurinn á að þau sjónarmið sem koma fram í umsögn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru að mörgu leyti í samræmi við niðurstöður í skýrslu faghópsins frá nóvember 2023. Eins og þar kemur

---

<sup>1</sup> Sjá lög nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

fram benda athuganir faghópsins til að það sjónarmið sé útbreytt meðal íbúa og sveitarstjórnarfólks að sveitarfélög fái of litlar tekjur af virkjunum í sinn hlut, miðað við núverandi löggjöf. Sveitarfélögin við Þjórsá þurfi að hafa meiri fjárhagslegan ávinning af virkjunum svo fórnarkostnaðurinn verði ásættanlegur fyrir íbúana. Jafnframt kemur fram að heildarmat íbúa á réttmæti virkjunarframkvæmda sé að einhverju leyti háð mati þeirra á efnahagslegum ávinningi af slíkum framkvæmdum fyrir nærsamfélagið. Íbúar séu líklegri til að samþykkja að náttúrunni sé raskað séu efnahagslegu áhrifin á nærsvæðinu umtalsverð en að sama skapi líklegri til að hafna slíku raski séu efnahagsleg áhrif lítil. Leiða megi að því líkur að deilur og ósætti í sveitarfélögunum við neðri hluta Þjórsár ráðist að hluta af því hvernig brugðist verði við ákalli um meiri efnahagslegan ávinning af virkjunum fyrir nærsamfélagið. Faghópurinn tekur ekki afstöðu til þeirrar fullyrðingar í umsögn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps að niðurstöður faghóps 3 hefðu verið aðrar og neikvæðari hefðu „allir viðmælendur faghóps 3 fengið ... upplýsingar“ af því tagi sem dregnar eru fram í umsögninni. Faghópurinn getur sér ekki til um hvort og þá hvernig umræddar upplýsingar hefðu breytt afstöðu þeirra sem rætt var við í þeim könnunum sem gerðar voru á hans vegum á afstöðu íbúa og sveitarstjórnarfólks til virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár. Hann bendir á hinn bóginn á að ekki er ástæða til annars en að ætla að flest þeirra sem rætt var við séu vel upplýst um núverandi lagaumgjörð og skattaumhverfi orkuvinnslu á Íslandi, og hlutdeild sveitarfélaga í arði af henni.

2. *Í umsögn stjórnar Landverndar, sem undirrituð er af Þorgerði Maríu Þorbjarnardóttur, kemur fram að tortryggni hafi gætt í garð skoðanakönnunar sem gerð var af Félagsvísindastofnun, að beiðni faghóps 3, „vegna þess að meðal íbúa og hagaðila voru teknar stikkprufur og fólk sem vildi fá að vera með og átti ríka hagsmuni fékk það ekki“. Fólki hafi auk þess ekki verið „ljóst við úthringingarnar hvort erindið væri á vegum ráðuneytisins eða rammaáætlunar og það vakti furðu fólks, að vera spurt um það sérstaklega hvort það væri félagar í Náttúruverndarsamtökum“.*

Varðandi ofangreindar athugasemdir Landverndar vill faghópurinn taka fram:

- a. Umrædd könnun var þýðisrannsókn. Allir skráðir íbúar, 18 ára og eldri, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flúahreppi, Ásahreppi og Rangarþingi ytra áttu kost á að taka þátt í könnuninni sem lögð var fyrir í síma. Alls voru 2.758 skráðir með lögheimili á þessu svæði og var reynt að hafa samband við þá alla. Svarhlutfall var gott, 44,9%. Fullyrðing um að einhver sem vildu taka þátt hafi ekki fengið að taka þátt í könnuninni er ekki á rökum reist, nema mögulega í þeim tilfellum þegar símanúmer var ekki skráð á já.is og því ekki hægt að ná í viðkomandi. Gerðar voru 5 tilraunir til að hringja í hvern einstakling. Jafnframt er rétt að taka fram að könnunin var aðeins á íslensku og má vera að einhver lítill hluti hafi ekki treysti sér til að taka þátt í könnun á íslensku.
- b. Faghópurinn kannast ekki við að stuðst hafi verið við „stikkprufur“ í umræddri símakönnun. Í henni var ekki notast við úrtak, reynt var að hafa samband við öll sem voru með skráð símanúmer á já.is. Það voru engar stikkprufur.

- c. Starfsfólk við úthringingar kynnti könnunina þannig að hún væri að beiðni ráðuneytisins. Vera má að það hafi valdið furðu hjá einhverjum, en það hefur engin áhrif á gæði niðurstaðna. Svarhlutfall var gott og því er ólíklegt að skekkja sé fyrir hendi sökum þess. Segja má með góðri vissu að niðurstöður könnunar endurspegli viðhorf allra íbúa á svæðinu.
  - d. Þátttakendur í símakönnuninni voru spurðir sérstaklega um það hvort þeir væru félagar í náttúruverndarsamtökum vegna þess að annar hluti af rannsóknum Félagsvísindastofnunar fyrir faghóp 3 fól í sér viðtalshluta þar sem þátttakendum í símakönnuninni var boðið að taka þátt í rýnihópum. Við val þátttakenda í rýnihópna var þess gætt að skipting í hópana endurspegladi fjölbreytni íbúa m.t.t. aldurs, kyns búsetu, menntuna, viðhorfa, o.fl. Tveir rýnihópar voru skipaðir fulltrúum almennings og einn fulltrúum fólks á svæðinu sem eru félagar í náttúruverndarsamtökum. Ástæða þess að ákveðið var að vera með einn rýnihóp sérstaklega fyrir féлага í náttúruverndarsamtökum var m.a. sú að forðast átakaumræður í rýnihópunum og gefa öllum þátttakendum rýnihópna gott næði til þess að ræða skoðanir sínar.
3. *Í umsögn Sigprúðar Jónsdóttur kemur fram að ekki sé „réttlætanlegt að nota brú yfir Þjórsá sem rökstuðning fyrir virkjanir því hægt er að byggja brú án þess að reisa slíka virkjun“. Brú hafi verið notuð sem „eins konar gulrót til að liðka fyrir framkvæmdum“.*

Faghópurinn bendir á að engin áform séu uppi í samgönguáætlun stjórnvalda, hjá Vegagerðinni eða öðrum aðilum, um að reisa brú yfir Þjórsá á þeim slóðum sem gert er ráð fyrir að brú verði reist í tengslum við byggingu Hvammsvirkjunar. Faghópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvort verið sé að nota slíka framkvæmd sem „gulrót til að liðka fyrir framkvæmdum“. Mat hans tekur einungis mið af þeirri staðreynd að áform sem uppi um að brúa Þjórsá í tengslum við byggingu Hvammsvirkjunar, og af mögulegum tækifærum sem slík brú getur skapað í sveitarfélögunum beggja megin árinna.

4. *Í umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands, NSS, sem undirrituð er af formanni samtakanna Soffiu Sigurðardóttur, er sagt að loftmengun af haugsvæðum vegna dælingar aurs úr lónum Holta- og Urriðafossvirkjunar komi „ekki einungis til með að hafa áhrif á samfélagið í næsta nágrenni, heldur telja NSS að áhrifa verði líklega að gæta í þéttbýli Árborgar“.*

Faghópur 3 hefur engin gögn í höndum sem benda til að verulegrar loftmengar muni gæta í byggð frá haugsvæðum vegna Holta- og Urriðafossvirkjunar. Í rannsóknum á vegum faghópsins komu ekki fram áhyggjur íbúa eða sveitarstjórnarfólks af þessum þætti. Á hinn bóginn komu fram sjónarmið í þá veru að umhverfismat vegna virkjunarkosta í ánni sé komið til ára sinna og nauðsynlegt sé að gera nýtt umhverfismat, og áhættumat sem nái yfir þætti á borð við eldgos, hættu á að stíflur bresti, og fleira.